

Félagsráðgjafaföng 2026

Árlegt Félagsráðgjafaföng var haldið 20. febrúar 2025 á hótél Hilton Nordica og sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Þema þingsins í ár, *Tengslamiðuð félagsráðgjöf og stafræn vegferð*, vísar til tengsla í viðum skilningi. Aðalfyrirlesari dagsins var Helle Øbo, forstjóri AskovFonden, stofnunar sem vinnur að samfélagslegum lausnum og bættri félagsþjónustu í Danmörku. Helle Øbo er höfundur bókarinnar *Man møder et menneske*, sem fjallar um það hvernig félagsleg þjónusta gæti breyst með meiri áherslu á mannlega tengingu frekar en kerfi og fjármagn. Þar leggur hún mikla áherslu á að besta hjálpin byggist á persónulegri nálgun og skilningi á aðstæðum einstaklingsins. Hans Rúnar Snorrason, kennari og sérfræðingur hjá Kunnáttu ehf., kynnti niðurstöður stefnumótunardags FÍ og framkvæmd hans. Þær Auður Ósk Guðmundsdóttir og Thelma Eyfjörð Jónsdóttir, félagsráðgjafar og fulltrúar í siðanefnd FÍ, kynntu niðurstöður könnunar sem siðanefnd FÍ gerði til að varpa ljósi á ofbeldi gagnvart félagsráðgjöfum á Íslandi. Þá fjölluðu Ásta Kristín Benediktsdóttir og Herdís Björnsdóttir, félagsráðgjafar og sérfræðingar hjá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, um stefnu stjórnvalda varðandi stafræn tækifæri í félagsþjónustu. Síðan tóku þau Elísa R. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Gunnlaug

Thorlacius, yfirfélagsráðgjafi á Landspítala, Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjanesbæjar, Páll Ólafsson, framkvæmdastjóri Farsældarsviðs Barna- og fjölskyldustofu, og Hans Rúnar Snorrason þátt í pallborðsumræðum undir stjórn Þóru Tómasdóttur fjölmiðlakonu. Í lok dagskrár fyrir hádegi flutti Ragnar Þór Ingólfsson, félags- og húsnæðismálaráðherra, ávarp.

UMRÆÐUSTOFUR FAGDEILDA

Dagskrá eftir hádegi hófst með umræðustofum fagdeilda þar sem rætt var um hlutverk fagdeilda innan FÍ, tækifæri og áskoranir á sviðinu og hvernig má efla störf fagdeilda innan félagsins. **Rauði þráðurinn í umræðum fagdeilda var það að kerfin þjóni ekki fólkinu.** Það átti við hvort sem rætt var um fjárhagsaðstoð, endurhæfingu, barnavernd eða flóttafólk; sama myndin teiknaðist upp, flókin, sundurleit kerfi sem rekast hvert á annað, valda tvíverknaði og setja starfsfólk í þá stöðu að geta ekki sinnt því sem skiptir máli. Þetta skaðar bæði notendur og starfsfólk og leiðir til kulnunar, siðferðislegrar streitu og mikillar starfsmannaveiltu. Til viðbótar við kerfisumræðu kom fram annað sameiginlegt stef: **of veik rödd fagstéttarinnar.** Félagsráðgjafar sjá vandann í sínum daglegu störfum en eru ekki sjáanlegir í opinberri umræðu, þeir eru langt frá þeim vettvangi þar

sem ákvarðanir eru teknar og of einangraðir innan sinna stofnana. Niðurstaðan í öllum hópunum var í grundvallaratriðum sú sama: við þurfum að **hittast oft, tala saman og láta í okkur heyra**, bæði innan stéttarinnar og úti í samfélaginu.

Einnig var rætt um handleiðslu þar sem kulnun, siðferðisleg streita og samkenndarþreyta var meginviðfangsefnið. Umræður sýndu að handleiðsla er mikilvægt tæki til að styðja fagfólk, bæta starfsumhverfi og draga úr kulnun og samkenndarþreytu. Mikilvægt er að handleiðsla sé skipulögð, regluleg og innbyggð í starfsemi vinnustaða.

SAMHLIÐA MÁLSTOFUR

Þá fóru fram 14 samhliða málstofur/vinnusmiðjur þar sem félagsráðgjafar fjölluðu um fjölbreytt verkefni á vettvangi auk rannsókna. Fjallað var um vímuefnaröskun, félagslega stöðu og bataauð, umönnunarálag, fósturforeldra og vinnulag. Rætt var um svæðisbundin farsældarráð, áskoranir tengdar trúnaði innan heilbrigðisþjónustu, gæði, tækni og nýsköpun í þjónustu, ofbeldi í garð félagsráðgjafa og tengslaeflandi nálgun. Einnig var fjallað um félagsráðgjöf og gervigreind, skólafélagsráðgjöf, flóttafólk og fagþreytu, fósturbörn og jaðarsettar fjölskyldur. Þá fór fram umræða um ofbeldi, áföll og öryggi, lágþröskulda- og nýsköpunarverkefni, hand-

leiðslu, tengsl og vinnustaðamenningu auk málstofu undir yfirskriftinni *Ekkert barn á skilið að lifa við ótta*. Umfjöllun-arefnin endurspeglu þá miklu grósku sem býr innan stéttarinnar.

Þingið vakti talsverða athygli í fjölmiðlum, meðal annars hjá Ríkisútvarpinu þar sem tekin voru viðtöl við fyrirlesara þingsins og rætt við formann félagsins og fulltrúa síðanefndar í fréttatíma sjónvarps. Umfjöllunin

skipti miklu máli fyrir sýnileika félagsráðgjafar og mikilvægt samfélagslegt hlutverk stéttarinnar. Jafnframt var lögð áhersla á faglega og markvissa miðlun efnis frá þinginu á Facebook og Instagram sem gerði umræðuna aðgengilega bæði félagsráðgjöfum og almenningi. Fagmennska þeirra sem komu að upptökum, viðtölum, myndvinnslu og miðlun efnis átti stóran þátt í að skapa lifandi, trúverðuga og hlýja

umgjörð um þingið og efla þannig sýnileika félagsráðgjafar í samfélagsumræðunni.

Næsta þing fer fram á Hilton Nordica föstudaginn 19. febrúar 2027 og er undirbúningur þess hafinn.

